

Matjurtaræktun í heimilisgarðinum



Að rækta og uppskera ferskt og bragðgott grænmeti beint úr eigin garði getur gefið manni ómældar ánægjustundir. Til að vel takist til er mikilvægt að skipuleggja ræktunarstarfið af kostgæfni allt frá byrjun. Þessar stuttu leiðbeiningar eru hugsaðar fyrir þann sem er að stíga sín fyrstu skref í matjurtaræktuninni. Fyrir þá sem vilja ítarlegri leiðbeiningar er rétt að benda á að mikilvægt er að þær miðist við íslenskar aðstæður, en hér á landi er sumarið bæði styttra og svalara en gerist í nágrennalöndunum.

Þegar garðstæði er valið þarf fyrst og fremst að hafa í huga að þar sé skjólgott og bjart. Ekki sakar að garðlandinu halli til suðurs og það þarf að vera vel framræst, ógrýtt og með næga jarðvegsdýpt. Ef verið er að brjóta nýtt land til ræktunar er nauðsynlegt að blanda lífrænu efni saman við moldina til dæmis safnhaugsmold eða moltu. Það tryggir að jarðvegurinn verði hæfilega loftmikill auk þess sem það eykur næringargildi hans.

Jarðvinnsla og áburðargjöf

Jarðvinnsla felst í því að stinga upp eða tæta garðinn skömmu fyrir sáningu eða útplöntun. Þetta þarf að gera í þurru veðri til að moldin verði létt og loftmikil en klessist ekki saman. Sáðbeð þarf að raka vandlega. Til að tryggja góða framræslu er gott að hafa beðin upphækkuð, u.þ.b. 20 cm hærra en landið í kring. Þægilegt getur verið að afmarka beðin með timburkarmi, það heldur garðlandinu snyrtilegu og auðveldar að mörgu leyti baráttuna við illgresi og meindýr.

Samhliða jarðvinnslu er gefinn áburður og kalk. Kalk er í raun og veru ekki áburður, heldur jarðvegsbætir sem kemur í veg fyrir að moldin verði of súr og stuðlar þannig að betri miðlun næringarefna til plantnanna. Rétt er að bera á 1-2 ára fresti um 10 kg af gróðurkalki á hverja 100 m² garðs.

Þegar kemur að því að velja áburð er um það að ræða að nota tilbúinn áburð eða lífrænan áburð. Það sem við köllum lífrænan áburð er til dæmis safnhaugsmold (molta), sveppamassi, þörungamjöl, hæsnaskítur eða búfjáráburður. Ef notuð er safnhaugsmold eða búfjáráburður er hæfilegt að bera um 10 lítra á hvern fermetra beðs og blanda vel saman við moldina. Fylgið annars leiðbeiningum á umbúðum.

Sé notaður tilbúinn áburður er hæfilegt að bera á um 10 kg af grænmetisáburði á hverja 100 m² beðs. Gefa þarf viðbótarskammt af nituráburði fyrir áburðarfrekar tegundir eins og hvítkál, rauðkál, blómkál og spergilkál. Er það gert u.þ.b. einum mánuði eftir útplöntun og eru þá gefin 5 kg á hverja 100 m² af niturríkum áburði. Viðbótarnæringu má einnig gefa með lífrænum áburðargjöfum, hæsnaskítur er t.d. mjög ríkur af nitri og hentar því vel sem viðbótaráburður fyrir næringarfrekar tegundir. Einnig má nota safnhaugsmold sem viðbótaráburð og er henni þá sáldrað yfir beðin.

Val á tegundum

Tegundum sem hægt er að rækta utandyra hér á landi má skipta í nokkra hópa eftir því hvernig ræktun þeirra er háttað. Fjölærar tegundir vaxa í garðinum ár eftir ár, til dæmis rabarbari og graslaukur. Nokkrum tegundum er hægt að sá beint í garðinn, til dæmis gulrótum, radísum, næpum og spínati. Í stærsta hópinn falla tegundir sem ekki ná fullum þroska við íslenskar aðstæður nema þær séu forræktaðar inni og plantað í garðinn í lok maí, þegar orðið er nógu hlýtt í veðri. Þetta eru til dæmis káltegundirnar, gulrófa, sellerí, fenníka, blaðlaukur, salat, rauðrófa og beðja. Hægt er að forrækta þessar tegundir sjálfur, en fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu spor í matjurtaræktun er mælt með því að kaupa smáplöntur sem hægt er að planta beint út. Loks má benda á tegundir sem ræktaðar eru upp af útsæði, en það eru til dæmis kartöflur og lauktegundir. Hér á landi er hægt að rækta matlauk og hvítlauk með því að setja niður sérstaka smálauka að vori sem hægt er að kaupa. Uppspera af þeim kemur sama sumar.

Hvað er hægt að rækta mikið?

Áður en hafist er handa við útplöntun eða sáningu er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því hvað hægt er að rækta margar plöntur á því svæði sem maður hefur til umráða. Þegar vaxtarrými er ákveðið er haft til hliðsjónar að bilið á milli plantnanna sé sem minnst til þess að nýta sem best það rými sem við höfum til ráðstöfunar en jafnframt að gæta þess að ekki sé svo þröngt á þeim að þær nái ekki að þroskast eðlilega.

Hæfilegt vaxtarrými fyrir nokkar algengar grænmetistegundir:

Milli raða, cm	Milli plantna, cm	Tegundir
15	3	gulrætur, radísur,
20	8	dill, næpur, blaðsalat, klettasalat, spínat, steinselja, matlaukur
30	10	rauðrófur, blaðlaukur, hvítlaukur

30	20	hnúðkál, blaðkál
40	20	gulrófur, spergilkál, kínakál, toppkál, fenníka
40	35	blómkál, toppkál, grænkál, stिल्sellerí, hnúðsellerí
50	40	hvítkál, rauðkál, blöðrukál, rósakál
60	25	kartöflur
100	75	rabarbari

Út frá ofangreindum viðmiðum um vaxtarrými er hægt að gera áætlun yfir það hversu mikið af matjurtum er hægt að rækta í venjulegum heimilisgarði. Hér er tekið dæmi um það hvað hægt er að rækta mikið 12 m² garði:

1. Gulrætur 40 stk og radísur 10 stk á 0.25 m²
2. Dill 2 stk, blaðsalat 5 stk, klettsalat 5 stk, spínat 2 stk og steinselja 2 stk á 0.25 m²
3. Rauðrófur 7 stk og blaðlaukur 10 stk á 0.5 m²
4. Hnúðkál 8 stk á 0.5 m²
5. Gulrófur 5 stk, spergilkál 5 stk og kínakál 3 stk á 1 m²
6. Blómkál 5 stk og grænkál 1 stk á 0.5 m²
7. Hvítkál 5 stk, rauðkál 5 stk, blöðrukál 2 stk og rósakál 4 stk á 3 m²
8. Kartöflur, 33 grös á 5 m² (u.þ.b. 2 kg af útsæði)
9. Rabarbari, 1 planta á 1 m²

Sáning

Mikilvægt er að sá sem allra fyrst eftir að búið er að undirbúa garðinn. Notið hentugt áhald til að merkja fyrir rás til að sá í. Stóru fræi, til dæmis radísu, borgar sig að staksá með hæfilegu millibili, þá losnar maður við að grisja. Smærra fræi er sáðrað í rásina í hæfilegu magni. Laus mold er dregin yfir fræið og vökvað. Gott er að breiða trefjadúk yfir sáninguna til að flýta fyrir spírun. Oftast er nauðsynlegt að grisja sáningu ef fræi hefur verið dreifsáð, það er gert þegar plönturnar hafa myndað 2 “varanleg” blöð. Þau koma á eftir kímblöðunum sem eru tvö. Hlúðið að plöntunum eftir grisjun, vökvið og breiðið trefjadúkinn aftur yfir.

Plöntun

Byrjið á því að merkja fyrir staðnum þar sem setja á hverja og eina plöntu niður þannig að hæfilegt bil verði á milli þeirra í samræmi við það vaxtarrými sem hver tegund þarfnast. Gott er að grafa holu með plöntuskeið sem er hæfilega djúp þannig að jarðvegurinn verði í sömu hæð og plöntuhnausinn. Þrýstið moldinni að plöntunni þannig að góð snerting náist við jarðveginn. Vökvið vel strax eftir útplöntun þannig að pollur myndist umhverfis hverja plöntu. Notið stút sem dreifir bununni þannig að jarðvegurinn skolist ekki burt. Mikilvægt að vökva reglulega fyrstu vaxtardagana ef þurrt er í veðri til þess að rótarvöxturinn komist vel í gang. Gott er að breiða trefjadúk yfir plönturnar strax eftir útplöntun. Það hækkar loft- og jarðvegshitann, stuðlar að jöfnum jarðvegsraka og hlífir plöntunum við þornun.

Umhirða á vaxtartíma

Umhirða í matjurtagarðinum fellst fyrst og fremst í vökvun, illgresishreinsun og vörnum gegn meindýrum auk áburðargjafar eins og fyrr er minnst á. Einnig getur þurft að hreykja mold að plöntunum á vaxtartímanum, til dæmis kartöflum og blaðlauk.

Um illgresishreinsum

Mikilvægt er að hefja aðgerðir gegn illgresi um leið og það lætur á sér kræla. Í sólríku, þurru veðri er gott að fara yfir garðinn með arfasköfu. Þá skrælnar illgresið í sólinni á nokkrum klukkustundum og ekki þarf að verja tíma í að fjarlægja það. Þegar líður á ræktunartímann og plönturnar ná að loka fyrir birtu niður á jarðveginn dregur verulega úr vexti illgresis.

Um varnir gegn meindýrum.

Helstu meindýr sem herja í matjurtagarðinum eru sniglar og kálmaðkur. Það hefur gefist vel að verjast kálmaðki með því að breiða yfir kálplöntur trefjadúk og er hann þá hafður yfir þeim frá miðjum júní fram í miðjan júlí. Á þeim tíma stendur varp kálflugunnar yfir, en hún verpir eggjum sínum við rótarháls kálplantanna og lirfurnar sem klekjast úr eggjunum bora sig inn í rótarhálsinn og skemma vefina þar. Þetta veldur því að plönturnar ná ekki að taka upp vatn og næringarefni, þannig að þær veslast smám saman upp. Trefjadúkurinn er það fínriðinn að kálflugan kemst ekki í gegnum hann og þannig er komið í veg fyrir varpið. Mikilvægt er að ganga þannig frá dúknum á jöðrunum að flugan komist ekki undir hann.

Til að verjast sniglum má beita ýmsum aðgerðum. Í þurru veðri er ráð að strá kalki yfir moldina, það þurrkar upp sniglana og kemur í veg fyrir að þeir komist að plöntunum. Einnig er hægt að veiða þá í sérstakar sniglagildir sem fylltar eru með bjór, en sniglar eru mjög sólgirnir í hann. Loks má nefna það að strá sniglæitri umhverfis plönturnar, en það ætti aðeins að gera í neyð, sem helst skapast í röku sumri. Aðgerðir gegn sniglum þurfa einkum að beinast að því að verja káltegundir sem eru viðkvæmar fyrir sniglum, sérstaklega eru þeir sólgirnir í kínakál.

Verkfæralisti

Stungugaffall

Malarhrífa

Plöntuskeið

Dreifistútur fyrir garðslöngu / Vökvunarkanna

Arfaskafa

Arfaklóra

Hreykiplógur

Illgresisherfi

Sniglagildra

Efnislisti

Molta

Sveppamassi

Kalk

Þörungamjöl

Hænsnaskítur

Grænmetisáburður

Niturríkur áburður

Trefjadúkur